



## **Skýrsla stjórnar starfsárið 2016-17**

Aðalfundurinn fór fram 31. maí 2016, ný kjörin stjórn tók þá strax til starfa og haldnir voru sex stjórnarfundir á starfsárinu. Skrifstofan var opin að mestu leiti yfir sumartímann á meðan starfsmenn fóru í sumarleyfi en þegar loka þurfti skrifstofunni voru erindi afgreidd í gegnum síma.

Á starfsárinu kom til sögulegra tíðinda þegar félagið festi kaup á aðstöðu á jarðhæð í Vörðunni og seldi Tjarnargötu 8 sem hefur verið skrifstofuhúsnæði félagsins í árabíl. Unnið er á fullu í að standsetja nýja húsnæðið og hefur formaður félagsins mikið til unnið að því sjálfur þar sem erfiðlega hefur gengið að fá iðnaðarmenn í það.

Formaður hélt fjóra vinnustaðafundi með fulltrúum nokkurra fyrirtækja í Sandgerði vegna mála sem upp komu hjá fyrirtækjunum. Einnig heimsótti formaður fyrirtækin, færði vinnuveitendum dagbók merkta félaginu til að minna á félagið og styrkja sambandið milli félagsins og vinnuveitendanna. Heimsóknirnar gáfu vel af sér og var mikil ánægja hjá félagsfólki og vinnuveitendum með þetta fyrirkomulag.

Fyrir utan stjórnarfundir sótti formaður fjölmarga fundi fyrir hönd félagsins, farið var á tvo útvíkkaða formannafundi, annar þeirra var í Grindavík og sá seinni var haldinn á Laugarbakka í Miðfirði. Formaður sat miðstjórnarfund ASÍ í júní sl. en formaður situr sem varamaður í miðstjórn ASÍ frá 2016 til 2018. Farið var á 42. þing ASÍ sem haldið var í október og 30. þing Sjómannasambands Íslands í nóvember. Formaður er í stjórn og sótti stjórnarfundir í félagi sumarhúsaeigenda í Hraunborgum sem og aðalfund sama félags. Þar var borin upp tillaga af stjórn um að afhenda Sjómannadagsráði þjónustumiðstöðina ásamt sundlaug og taka þar af leiðandi ekki lengur þátt í rekstri þeirra. Tillagan var samþykkt á fundinum og þarf þá staðfestingu frá hverju félagi fyrir sig um afsal af eignarhaldinu. Formaður ásamt starfsmanni fóru og gerðu orlofsbústaðina klára til útleigu fyrir komandi sumar.

Mikið gekk á þetta starfsárið í samningagerðum en formaður sat 16 samningafundi vegna sjómannadeilunnar hjá Ríkissáttasemjara ásamt því að halda þrjá félagsfundi með sjómönnum um stöðuna í samningnum og til að endurnýja samningsumboð sitt. En



sjómannaverkfall skall á þann 10. nóvember sl. eftir fund með Sjómannasambandi Íslands hjá sáttasemjara. 13. nóvember sl. náðust svo samningar rétt eftir miðnætti og var skrifað undir með fyrirvara um samþykki sjómanna. Þann 14. desember sl. lágu niðurstöður fyrir og felldu sjómenn undirritaðan kjarasamning með miklum mun.

Félagið komst í fréttirnar þegar formaður þurfti að gegna verkfallsvörslu vegna verkfalls sjómanna og reyndi á verkfallsréttinn þegar tveir bátar Nesfisks fóru í róður 3. janúar og var send til útgerðarinnar sekt vegna þeirra brota. Það var síðan þann 18. febrúar sl. sem samningar náðust aftur og var hann samþykktur með 52,4% atkvæða en 47,6% sögðu nei.

Það þarf alltaf að læra eitthvað nýtt, fræðast og auka þekkinu stjórnar- og starfsmanna félagsins og fór stjórn ásamt trúnaðarmönnum félagsins á Hótel Örk á fræðsludaga í október en þar höfðu fimm stéttarfélög tekið saman höndum og búið til samliggjandi fræðsludaga. Það var svo farið á fund með Suðurbandalaginu í Reykjavík í febrúar þar sem farið var yfir sameiginlegt námskeið sem haldið var í Hveragerði og hugað að því hvort halda ætti fleiri slík námskeið og eða fara saman í kynnisferðir.

Huga þarf vel að ungvíði félagsins en eins og fyrri ár hélt formaður fundi og var með fyrirlestur fyrir vinnuskólann um málefni verkalýðshreyfingarinnar og vinnumarkaðarins. Samtals voru haldnir þrjú fundir. Félagið sendi einnig ungan fulltrúa, Agnesi Valgeirsdóttur, á fund ungra félaga í verkalýðshreyfingunni sem haldinn var í Grindavík í júní 2016.

Hið venjubundna kaffiboð var haldið 1. maí með tilheyrandi spjalli í húsi félagsins að Tjarnargötu 8 og var þar margt um manninn.

Svo það má segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá félagsmönnum í félaginu, stjórn og starfsfólkinu.